

**Ed.**

**207. Frumvarp til laga**

[188. mál]

um sérstakan barnabótaauka.

(Lagt fyrir Alþingi á 107. löggjafarþingi 1984.)

1. gr.

Á árinu 1985 skal ríkissjóður greiða sérstakan barnabótaauka með hverju barni innan 16 ára aldurs á árinu 1984 sem heimilfast er hér á landi og er á framfæri manna, sem skattskyldir eru skv. 1. gr. laga nr. 75/1981, með síðari breytingum, enda séu uppfyllt skilyrði 2. og 3. gr. laga þessara.

2. gr.

Sérstakur barnabótaauki skal nema óskertur 15 000 kr. með hverju barni.

Upphæð barnabótaauka skv. 1. mgr. vegna barna, sem eru á framfæri hjóna, sbr. 63. gr. laga nr. 75/1981, með síðari breytingum, skal skerðast um 8% af því sem samanlagður útsvarstofn hjónanna tekjuárið 1984 fer fram úr 275 000 kr. uns hann fellur niður er samanlagður útsvarstofn hjóna nær 462 000 kr. Á sama hátt skal barnabótaauki vegna barna á framfæri einstæðra foreldra skerðast um 8% af því sem útsvarstofn foreldris tekjuárið 1984 fer fram úr 187 500 kr. uns hann fellur niður er útsvarstofn foreldris nær 375 000 kr.

3. gr.

Barnabótaauki vegna barna á framfæri hjóna skerðist um 1,2% af því sem eignarskattstofn hvors hjóna um sig fer fram úr 937 500 kr. uns hann fellur niður er eignarskattstofn hvors hjóna nær 1 562 500 kr. Á sama hátt skerðist barnabótaauki vegna barna á framfæri einstæðra foreldra um 2,4% af því sem eignarskattstofn foreldris fer fram úr 1 250 000 kr. uns hann fellur niður er eignarskattstofn foreldris nær 1 875 000 kr.

4. gr.

Um barnabótaauka, þ. á m. um ráðstöfun hans, skulu að öðru leyti gilda ákvæði 69. gr. laga nr. 75/1981, með síðari breytingum.

Fjármálaráðherra getur með reglugerð kveðið nánar á um framkvæmd laga þessara.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts á árinu 1985.

**Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.**

Með lögum nr. 43/1984 var kveðið á um að á árinu 1984 skyldi greiða sérstakan barnabótaauka að fjárhæð 12 000 kr. fyrir hvert barn innan 16 ára aldurs á tekjuárinu, sem heimilisfast var hér á landi. Var barnabótaauki þessi tengdur bæði tekjum og eignum framfæranda þannig að hann skertist ef tekjur eða eign framfæranda fór fram úr tilteknu marki. Þessi löggjöf var sett í framhaldi af tillögum aðila vinnumarkaðarins frá 21. febrúar 1984. Með frumvarpi þessu er lagt til að sambærilegur barnabótaauki verði einnig greiddur úr ríkissjóði á árinu 1985. Er ákvæði frumvarps þessa samhljóða ákvæðum l. nr. 43/1984 að öðru leyti en því að allar fjárhæðir eru hækkaðar um 25% og er það í samræmi við áætlun Þjóðhagsstofnunar um hækkun tekna hvers gjaldanda milli árána 1984 og 1985. Raungildi þessarar aðstoðar við lágtekjufólk ætti því að haldast óbreytt milli ára. Frumvarp þetta er flutt samhliða frumvarpi til laga um breyting á lögum um tekjuskatt og eignarskatt. Um fjárhagslegar afleiðingar þessa frumvarps vísast til athugasemda með tekjuskattsfrumvarpinu en þar er gerð grein fyrir heildaráhrifum beggja frumvarpanna.